

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Reykjavík, 18. desember 2019
UST201904-167/S.M.
08.14.02


Reglubundið eftirlit á urðunarstaðinn Heydalamelum

Þann 30. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Breiðdalshrepps á Heydalamelum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps Heydalamelum



Dags eftirlits	30.9.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Hafnargötu 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4801690779	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ragna Dagbjört Davíðsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Urðunarstað Breiðdalshrepps á Heydalamelum var lokað 1. júlí 2018 þegar starfsleyfi hans rann út, allt sorp úr Breiðdal er nú flutt í Þernunes. Unnið er að gerð lokunaráætlunar og í kjölfarið gefur Umhverfisstofnun út fyrirmæli um frágang og vöktun fyrir urðunarstaðinn.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um milli Umhverfisstofnunar og HAUST. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson.

Eftirlit og sýnatöku fór fram 5. mars 2019 og svæðið skoðað aftur 30.9.2019.

Urðun lauk á svæðinu 30.6.2018 en starfsleyfi urðunarstaðarins rann út 1.7.2018. Sótt var um undanþágu, en umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafnaði beiðni þar um og var því urðun hætt um leið og starfsleyfi rann út. Þá þegar var hafist handa við frágang svæðisins. Í sýnatökuféð 5. mars 2019 var urðunarstaðurinn skoðaður og svæðið utan girðingar með tilliti til foks úrgangsefna. Engin merki sáust um fok eða aðra mengun.

Urðunarstaðurinn var snyrtilegur og allur frágangur til fyrirmyndar. Svæðið er girt með góðri girðingu og læstu hliði. Engin merki eru um umgang inn á afgirta svæðinu.

Í niðurstöðu sýnatöku kemur fram að styrkur blýs hefur lækkað frá því sem áður var, en er enn talsvert hærra en viðmiðunargildi fyrir grunnvatn, sbr. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2019

Sigríður Magnúsdóttir